



Pósthúsið í Vík

verður lokað á aðfangadag og frá hádegi 31.
desember til mánudags 4. janúar 2010.

BVT ehf. sendir viðskiptavinum sínum og öllum
Skaftfellingum

bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

BVT ehf.



VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum

Jólablað Fréttabúa er komið út

Ætti því að ná til áskrifenda (lesenda)
fyrir jól.

Blaðið er með fjölbreytt efni að vanda,
bæði í les- og myndefni. M.a. má nefna
umfjöllun um Prestsbakkakirkju vegna
150 ára afmælis hennar. Þá eru myndir
af öllum prestum kirkjunnar frá upphafi,
nema einum þeirra.

Blaðið er 64 síður eins og í fyrra og fæst
í lausasölu í Kjarval á Klaustri og í Vík.



Jóla kvæðja frá Skjögrastöðum

*Útlagarnir á Skjögrastöðum í
Vík, senda vinum og vandamönnum
í Mýrdalnum og nærsveitum
bestu jóla- og nýársóskir
og þakka ánægjustundir á árinu,
sem er að líða.*

*Hittumst hress á nýju ári.
Bestu kvæðjur
Útlagarnir*



Stúlka fædd 1.12.2009 kl 01:23 í Hreiðrinu á
LSH. Þyngd: rúmar 15 merkur, lengd: 52,5 cm.
Ljósni: Jóhanna V. Hauksdóttir.
Foreldrar: Bjarki V. Guðnason og Auðbjörg
B. Bjarnadóttir, Maríubakka í Fljótshverfi.

Síðasti VITI ársins 2009 kemur út miðvikudaginn 30. des.

*Auglýsingatími Vitans er til kl. 10:00 á
þriðjudagsmorgnum.
Eftir þann tíma er tæpt að treysta á þær
nái inn.*

Tilkynning frá Grylu!

Umboðsmaður jólasveinsins verður í
húsi björgunarsveitarinnar Víkverja á
Þorláksmessukvöld kl: 20.00 21.00



SMÁAUGLYSINGAR



Kæru vinir

Við sendum ykkur bestu óskir um gleðileg jól og þökkum hlýhug og samúðarkveðjur við andlát og útför

Einars Bárðarsonar

*Guð blessi ykkur öll
Fjölskyldan*



Kæru Mýrdælingar og aðrir Vestur-Skaftfellingar.

Óskum ykkur innilega gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

*Þökkum hlýhug við andlát og útför móður okkar,
Vilborgar Stefánsdóttur frá Litla-Hvammi,
í september síðastliðnum.*

Gæfan fylgi ykkur.

Sólrún Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og fjölskyldur.



Klaustursdeild Rauðakrossins

*sendir íbúum Skaftárhrepps bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár.*

*Sjálfbóðaliðar deildarinnar og aðrir sem tekið hafa þátt í
starfseminni árinu fá kærar þakkir og kveðjur.*



*Sveitarstjórn Mýrdalshrepps
óskar íbúum og starfsfólki gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

Skrifstofa Mýrdalshrepps verður lokuð aðfangadag og gamlársdag.



Markaðsstofa Suðurlands

16. desember 2009

Á döfinni hjá Markaðsstofu Suðurlands

Sameiginlegur landshlutabæklingur og Vestnorden

Í september s.l. gaf Markaðsstofa Suðurlands út sameiginlegan landshlutabækling þar sem öll ferðapjónustufyrirtæki eru grunnskráð, en það hafði ekki verið gert áður. Þessi "opinbera upplýsingahandbók" er í líkingu við samskonar bæklinga frá markaðsstofum hinna landshlutanna og veitir erlendum og innlendum ferðamönnum um Suðurland upplýsingar um sveitarfélög landshlutans og helstu bæi, sögu, menningu og listir, afþreyingu, náttúru, gistingu og fleira. Dreifing bæklingins hefur gengið prýðilega og stefnt er að aukinni dreifingu í allan vetur og ekki síður með hækandi sól. Dreifing hefur einnig farið fram víða erlendis til ferðaskrifstofa með áherslu á Íslandsferðir en Markaðsstofa Suðurlands kynnti Suðurland á ferðakaupstefnunni Vest Norden sem haldin var í Kaupmannahöfn í september s.l. þar sem nýja landshlutabæklingnum var mjög vel tekið.

Þátttaka sveitarfélaga og fyrirtækja

Eins og áður hefur verið getið eru sjö markaðsstofur starfandi á landsvísu, á Suðurlandi, Norðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Reykjanesi og loks Höfuðborgarstofu. Milli þeirra ríkir góð og farsæl samvinna þar sem þekkingu og reynslu er miðlað á milli aðila en í því felst vitaskuld styrkur og hagræðing. Fyrir hönd ríkisvalds undirrituðu Ferðamálastjóri og Iðnaðarráðherra samninga við stofurnar í mars s.l. en framvegis er einnig gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga og fyrirtækja að rekstri stofanna á móti ríkinu. Hjá hinum eldri stofunum taka sveitarfélögin þátt og síðustu vikur hefur verið unnið markvisst að því

hjá Markaðsstofu Suðurlands að sveitarfélögin fimmtán innan landshlutans verði með. Þetta starf hefur gengið afar vel og nú þegar hafa flest sveitarfélögin samþykkt aðild. Í dag eru svo tæplega 60 ferðapjónustufyrirtæki nú þegar aðilar að Markaðsstofu Suðurlands sem er mikið fagnaðarefni á fyrstu mánuðum starfseminnar. Þessir aðilar koma til með að taka þátt í starfsemi stofunnar og þeim verkefnum sem framundan eru.

Hvað er framundan?

Til að byrja með eru miklar breytingar í vefumhverfinu. Í nóvember s.l. ákvað Ferðamálastofa að endurgera sína heimasíðu www.visiticeland.com og byggja hana upp á sömu forsendum og vefir markaðsstofa landshlutanna. Í framhaldi hefur verið unnið að því að endurbæta vefumhverfi markaðsstofanna og Ferðamálastofu og stefnt er að því að nýr vefur Ferðamálastofu og uppferðir vefir stofanna fari í loftið um miðjan janúar með mun betri flokkunum, nýju viðburðadagatali, bóku- og ferðapjónustu auk kortagrunns svo fátt eitt sé nefnt. Framundan er einnig ljósmyndasamkeppni á south.is, frétt- og upplýsingavefur Markaðsstofu Suðurlands fer í loftið og vinnuhópar stofunnar um markaðs- og ímyndarmál taka til starfa. Vert er að nefna þátttöku Markaðsstofu Suðurlands í ferðasýningunni Reiseliv í Noregi 14.-17. janúar n.k. Sýningin er í fjóra daga, fyrstu tvo hittast fyrirtæki í ferðapjónustu til að koma á viðskiptasamböndum og síðari tvo er hún opin almenningi. Í fyrra voru um 43.000 manns á umræddri sýningu. Loks er í undirbúningi heimsókn erlendra blaðamanna á Suðurland og síðast en ekki síst klasadagur í febrúar í samvinnu við Ferðamálasamtök Suðurlands og Atvinnuþróunarfélag Suðurlands þar sem hinir ýmsu klasar á Suðurlandi hittast til þess að kynna starfsemina og til þess að fræðast um hvort annað með aukið samstarf að leiðarljósi. Nánari upplýsingar um verkefni stofunnar veitir Ólafur Hilmarsson í síma 483-5555 eða með tölvupósti, info@south.is.

Umhverfisverðlaun Skaftárhrepps

Íþróttamaður Skaftárhrepps

Þá er komið að hinum árlega viðburði á Þorláksmessu í Skaftárhreppi, að veita umhverfisverðlaun og útnefna íþróttamann ársins.

Verðlaunaafhendingarnar fara fram á Héraðsbókasafninu á Kirkjubæjarklaustri á Þorláksmessu, 23. desember kl. 16:00.

Léttar veitingar.



Umhverfis- og náttúrverndarnefnd.
Æskulýðs- og íþróttanefnd.



Elín Anna Valdimarsdóttir frá Klaustursdeild Rauðakrossins (t.h.) afhendir Ester Önnu Ingólfssdóttur bókasafnsverði Íslenskuspilið.

Rauðakrossdeildir á Suðurlandi eru í svæðissamstarfi við deildir á Suðurnesjum. Svæðisfulltrúi fyrir svæðið er með skrifstofu í Hveragerði. Nýlega samþykkti svæðisráð Rauðakrossins að afhenda "Íslenskuspilið" í fjórtán bókasöfn á

svæðinu.

"Íslenskuspilið" verður til útláns á bókasöfnunum. Það er hannað í þeim tilgangi að styðja útlendinga við að læra íslensku. Það er íslensk uppfinning og var unnið í samvinnu við þekkingasetur Þingeyinga af Selmu Kristjánsdóttur. Það fékk í haust viðurkenninguna "European Language Label 2009" eða Evrópumerkið, sem er viðurkenning fyrir nýbreytni á sviði tungumálanáms og tungumálakennslu.

Á bókasöfnunum má finna ýmislegt námsefni varðandi íslenskunám útlendinga. "Íslenskuspilið" er afar góð viðbót við það sem fyrir er.

Vonandi nýta sér það sem flestir sem þörf hafa á.

*Við óskum Mýrdælingum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

Búnaðarfélag Dyrhólahrepps

Guðsþjónustur í Mýrdal jólin 2009



24. desember - Aðfangadagur jóla
Aftansöngur í **Víkurkirkju** kl. 18:00

25. desember - Jóladagur
Hátíðarguðsþjónusta í **Skeiðflatarkirkju** kl. 14:00

Jólaguðsþjónusta í **Reyniskirkju** kl. 16:00

27. desember - Sunnudagur milli jóla og nýárs
Jólaguðsþjónusta í **Sólheimakapellu** kl. 14:00

Helgistund á **Hjallatúni** kl. 17:00

Fjölmönnum til kirkju um hátíðirnar.
Sóknarprestur

Skógræktarfélagið Mörk á Kirkjubæjarklaustri

*sendir öllum lesendum Vitans bestu óskir um
gleðileg jól, gæfu-og gróskuríkt komandi ár.*



UMF KATLA

*sendir öllum velunnurum sínum bestu jóla
og nýárskveðjur og þakkar stuðninginn á árinu.*



*Óskum Vestur Skaftfellingsum
Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum ánægjuleg
samskipti á árinu sem er að líða*

Bílaðrangur ehf. Landflutningar Samskíp



Mýrdælingar,

*vinir og ættingjar, starfsfólk og vistmenn Hjallatúns
Gleðileg jól, farsælt komandi ár.*

Þakka fyrir árin sem eru líðin



*Guð blessi ykkur öll
Kær kveðja. Guðlaug Matthildur.*

Kæru íbúar Vestur-Skaftafellssýslu

*Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól
og blessunarrikt nýtt ár.*



*Þökkum fyrir góðar stundir og vináttu
á því ári sem er að líða.*

Ingólfur, Karítas og börn



Kæru sveitungar, ættingjar og vinir !

*Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Þakka árið sem er að líða*

Halldór á Brekkum

Ágætu Mýrdælingar og nærsveitamenn !

*Gleðileg jól, gott og farsælt komandi ár
með þakklæti fyrir samskiptin á árinu
sem er að líða*

*Ögmundur Ólafsson ehf.;
Ögmundur, Helga, Óli og Brynjar*



Skaftárskáli

**Opnunartími yfir
hátiðarnar**

Þorláksmessa	9-21
Aðfangadagur	10-12
Jóladagur	lokað
Annar í jólum	12-18
Gamlársdagur	10-12
Nýársdagur	lokað

*Óskum viðskiptavinum okkar
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.*

Starfsfólk Skaftárskála

Jólatrússkæmmtun

*verður í Tungusli
mánudaginn 28. desember
kl. 14:00*

*Skæmmtum okkur saman á
jólum*

*Allir velkomnir
Kvænfélag Skaftártungu*



Systrakaffi

Eins og síðastliðin ár verður opið á Systrakaffi á Þorláksmessukvöld.

Þar sem jólaglöggið rann einstaklega vel niður í maga heimamanna í fyrra verður það að sjálfsögðu á boðstólunum aftur en í þetta sinn fólki að **kostnaðarlausu**.

Einnig verður hægt að fá kaffi, kakó, heimabakaðar smákökur og að sjálfsögðu verður kaldur í boði fyrir þá sem þyrstari eru. Jólastermningin verður í fyrirrúmi, tekið verður í spil og hver veit nema Jóli kíkí í heimsókn ?

Komum nú saman og höfum gaman

Opnum kl. 21

Jólakveðja ✦ Vignir og Auður



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Þorláksmessa verður með svipuðu sniði og í fyrra.

Til sölu flatkökur frá kl 20.00

Til smökkunar: hrátt hangikjöt, piparkökur og kaffi,
eða eh. til að væta kverkarnar.

Dregið úr pottinum um kl. 21.30

Opið á milli jóla og nýárs

29/12 – 30/12 10–5

Gamlársdagur 10-12

Verið velkomin

Klakkur ehf. Smiðjuvegur 9 Vík

Jólaball 2009

í boði Víkurskála, Kjarvals í Vík, Snyrtistofunnar í Vík
og hljómsveitarinnar Granít

verður haldið í félagsheimilinu Leikskálum
sunnudaginn 27. desember kl. 16:00 - 18:00

Hljómsveitin Granít leikur jólalögin meðan við dönsuðum í kringum
jólartréð.

Von er á jólasveinum og kannski fleiri ættingjum þeirra og
Björgunarsveitin

Víkverji verður með sína árlegu flugeldasýningu að loknu balli.

Kaffiveitingar, aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Nefndin



ATH! ATH! ATH!

Tvíóið margrómaða, **Árný** og **Henný**, mun flytja fáein
vel valin lög þann 26. desember nk. á **Ströndinni**.

Já, á **annan í jólum** gott fólk!

Gleðin hefst upp úr **23.00** og býður Ströndin upp á ljúffenga
"jólablöndu", þ.e. stór + skot á aðeins **1000 kr**,
fyrir þá sem mæta þangað fyrir miðnætti!

Láttu sjá þig! 😊

Ströndin
BISTRO & BAR

SIXTIES

á Ströndinni annan dag jóla

Húsið opnar kl.23

Henný og Árný hita upp fyrir miðnætti

18 ára aldurstakmark



Tillaga að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps auglýsir hér með tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, m.s.br. Skipulagsgögn eru skipulagsgreinargerð, skipulagsupprættir og umhverfisskýrsla. Ennfremur eru kynntar athugasemdir Skipulagsstofnunar við tillöguna sbr. 3. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Aðalskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Austurvegi 17, 870 Vík og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík, frá og með 22. desember 2009 til 19. janúar 2010. Skipulagsgögn má einnig sjá á heimasíðu Mýrdalshrepps: www.vik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að gera athugasemdir er til 2. febrúar 2010 og skal skila þeim á skrifstofu Mýrdalshrepps.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við aðalskipulagstillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæða við Sólheimajökul og í Reynisfjöru

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps auglýsir hér með tillögur að deiliskipulagi þjónustusvæða fyrir ferðamenn við Sólheimajökul og í Reynisfjöru skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Sólheimajökull

Deiliskipulagið nær til 1 ha lóðar úr óskiptu landi Sólheimajarða. Svæðið er í um 300 m fjarlægð frá Sólheimajökli. Gert er ráð fyrir að byggð verði ferðamannaáðstaða í 1-2 húsum og geta byggingar verið samtals um 120 m². Aðkoma að svæðinu er um núverandi veg að Sólheimajökli.

Reynisfjara

Deiliskipulagið nær til 1 ha lóðar úr óskiptu landi Reynishverfisjarða. Gert er ráð fyrir að byggð verði ferðamannaáðstaða í 1-2 húsum og geta byggingar verið samtals um 120 m². Aðkoma að svæðinu er um Reynishverfisveg.

Deiliskipulagstillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Austurvegi 17, 870 Vík frá og með 22. desember 2009 til 19. janúar 2010. Skipulagsgögn má einnig sjá á heimasíðu Mýrdalshrepps: www.vik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að gera athugasemdir er til 2. febrúar 2010 og skal skila þeim á skrifstofu Mýrdalshrepps.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við deiliskipulagstillögurnar innan tilskilins frests teljast samþykkir þeim.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

niðurstaða A-hluta verði jákvæð um 11 millj. kr. og rekstarniðurstaða samstæðu jákvæð um 4 millj. kr.

Afborganir langtímalána verða 18,1 millj. kr og gert er ráð fyrir nýjum lántökum sem nemur 65 millj. kr. Gert er ráð fyrir fjárfestingum sem nemur 100 millj. kr. Gert er ráð 1. áfanga sjóvarnargarðs í Víkurfjöru, borun vinnsluholu fyrir hitaveitu og að leggja Sigtún efra og neðra bundnu slitlagi auk smærri framkvæmda. Endurskoðendur sveitarfélagsins vinna greinargerð vegna fjárfestinga sbr. 65. gr. sveitarstjórnarlaga samhliða gerð 3ja ára fjárhagsáætlunar. Framkvæmdaáætlun ársins 2010 verður endurskoðuð þegar sú greinargerð liggur fyrir gefi niðurstöður hennar tilefni til.

Fyrirliggjandi áætlun samþykkt með þremur atkvæðum (SP, ÞJ, SH). Tveir sitja hjá (EE, ÓSB).

8. Samningur um heilsuræktarstöð.

Sveitarstjóra heimilað að ganga frá samningi við Nautulus Ísland ehf skv. fyrirbyggjandi drögum.

9. Fjármál.

Yfirdráttarheimild á reikning 72100 rennur út 5. janúar nk. Sveitarstjóra er heimilað að óska eftir 15 millj. kr. yfirdráttarheimild á reikning 72100 í Arion banka til 6 mánaða.

IV. Fundargerðir til kynningar:

1. Fundargerð 39. fundar barnaverndarnefndar frá 28. október 2009.

2. Fundargerð 33. fundar stjórnar félagsþjónustu frá 14. desember 2009.

3. Fundargerð 289. fundar stjórnar AÞS frá 2. desember 2009.

4. Fundargerð 123. fundar HES frá 3. desember 2009.

5. Fundargerð 117. fundar stjórnar SKS frá 26. nóvember 2009.

V. Annað kynningarefni

1. Bréf Rangárþings ytra dags. 25. nóvember 2009.

2. Bréf Þjónustuhóps aldraðra dags. 8. desember 2009.

3. Bréf Arion banka.

4. Bréf Landskerfis bókasafna dags. 30. nóvember 2 009.

5. Bréf Landmælinga dags. 1. desember 2009. Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:45

Þórhildur Jónsóttir oddviti, Sif Hauksdóttir, Elín Einarsdóttir, Sveinn Pálsson, sveitarstjóri, Ólafur S. Björnsson.

Hlé verður á íþróttæfingum Umf. til 11 janúar.

gert er ráð fyrir breytingum á stundaskrá frá því sem verið hefur.

Þó munu æfingar 1 - 4 bekkjar hefjast um leið og skóli byrjar eftir áramót.

Nú bráðvantar okkur frjálsíþróttþjálfara fyrir 5 - 10 bekk til vors, að öðrum kosti munu þær æfingar falla niður.

Umf. Katla

Suður - Hvammur í Mýrdal 1920-1962

Nefnast endurminningar Höllu Kjartansdóttur, sem hún hefur fært í letur. Þarna fjallar Halla um hjónin í Suður-Hvammum, þau Hallgrím Bjarnason og Áslaugu Skæringsdóttur á árunum 1920-1939. Og síðan um um foreldra sína, á árunum 1940-1962, þau Kjartan Leif Markússon og Ástu Aðalheiði Þórisdóttur. Ennfremur systkini sín og þeirra afkomendur.

Halla lýsir lífinu og tilverunni í Suður-Hvammum á þessum árum og segir frá ýmsum viðbuðum. Að sögn Höllu, setti hún þessar minningar á blað einkum fyrir afkomendurnar, að þeir mættu kynnast lífinu og tilverunni í sveitinni í gamla daga. Þessi samantekt Höllu er bráðskemmtileg til lestrar og fróðleg.

Frásögnin er skreytt fjölda fallegra mynda, m.a. úr fjölskyldualbúmunum.

Sannarlega áhugaverð lesning. Blaðið var ekki hugsað til sölu, en verður á bókasafninu í Vík.

Ég mæli með því. E.Ó

FUNDARGERÐ

454. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 17. desember 2009 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnnaði.

Gerðir fundarins:

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 8. desember 2009.

Á fundinum var m.a. samþykkt að fyrirbyggjandi tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 verði auglýst.

Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð rekstrarnefndar Hjallatúns frá 9. desember 2009.

Á fundinum var samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 þar sem gert er ráð fyrir 4 millj. kr. halla á rekstri. Einnig var samþykkt að óskað verði eftir allt að 10 millj. kr. yfirdráttarheimild hjá Arion banka til 3-6 mánaða til að mæta fyrirsjáanlegum halla á rekstri ársins 2009. Formanni og forstöðumanni var falið að gera viðkomandi ráðuneytum grein fyrir stöðu mála og óska eftir aukafjárveitingu.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

3. Fundargerð 164. fundar fræðslunefndar frá 15. desember 2009.

Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerðir fjallskilaneftnda.

Fundargerðir fjallskilaneftndar eystri frá 7. desember og fjallskilaneftndar vestari frá 14. desember 2009 samþykktar.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf undirbúningshóps v/Geopark dags. 2. desember 2009.

Lagt er til að sveitarfélögin sem að verkefninu standa kosti 50% stöðu starfsmanns í eitt ár til að kynna hugmyndina og undirbúa umsókn til European Geoparks Network. Gert er ráð fyrir að hlutur Mýrdalshrepps sé kr. 750.000,- á árinu 2010.

Sveitarstjórn samþykkir að leggja 750.000,- í verkefnið á árinu 2010.

2. Bréf USVS dags. 14. desember 2009.

Með bréfinu er leitað eftir stuðningi

Mýrdalshrepps við umsókn um að halda Unglingalandsmót UMFÍ í Vík sumarið 2010.

Sveitarstjórn lýsir yfir stuðningi við umsókn USVS og er tilbúin til viðræðna við UMFÍ/USVS komi til álita að halda mótið í Vík.

3. Bréf Íbúðalánasjóðs dags. 14. desember 2009. Erindinu hafnað.

III. Málafni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga.

Fyrir liggja bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 30. nóvember og SASS dags. 3. desember 2009 þar sem fjallað er um boðaðan flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga. Í bréfi SASS kemur fram að ákveðið hefur verið að efna til málþings 8. janúar 2010 þar sem fjallað verður um málefnið. Til kynningar.

2. Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum. Til kynningar.

3. Bréf MAST dags. 7. desember 2009.

Til kynningar.

4. Kötluetur - samningur við R3-ráðgjöf.

Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi samning.

Sveinn víkur af fundi.

5. Samningur um tölvuþjónustu.

Fyrir liggjandi samningur við BVT ehf. samþykktur Sveinn kemur inn á fundinn.

6. Jafnréttisáætlun - bréf Jafnréttisstofu dags. 2. desember 2009.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.

7. Fjárhagsáætlun 2010, seinni umræða.

Útsvar verður 13,28% skv. ákvörðun á fyrri fundi. Álagningarhlutfall fasteignaskatts verður 0,50 í A-flokki, 1,32 í B-flokki og 1,49 í C-flokki. Álagning á eignir í A-flokki lækkar frá fyrri ári en fasteignamat íbúðarhúsnæðis í Vík hefur hækkað umtalsvert.

Gjaldskrár fyrir leikskóla, tónskóla, leiguíbúðir, félagsheimili og íþróttamiðstöð hækka sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs. Gjaldskrá sorphirðu hækki um 20% en gjaldskrá fyrir fráveitur verður óbreytt.

Fjárhagsáætlun 2010 gerir ráð fyrir að heildartekjur verði um 307,7 millj. kr. rekstrargjöld um 282,2 millj. kr. og fjármagnsliðir neikvæðir um 21,4 millj. kr. Launagreiðslur eru áætlaðar um 170,3 millj. kr. Gert er ráð fyrir að rekstrar-

Íþróttamiðstöðin í Vík



Hátíðaropnun Jólin 2009

Dagur	Sundlaug	Íþróttamiðstöð
22. des. – Þriðjudagur	08:00 – 18:30	08:00 – 19:00
23. des. – Þorláksmessa	07:00 – 18:30	07:00 – 19:00
24. des. – Aðfangadagur	Lokað	Lokað
25. des. – Jóladaður	Lokað	Lokað
26. des. – Annar í jólum	Lokað	Lokað
27. des. – Sunnudagur	Lokað	Lokað
28. des. – Mánudagur	07:00 – 18:30	07:00 – 19:00
29. des. – Þriðjudagur	08:00 – 18:30	08:00 – 19:00
30. des. – Miðvikudagur	07:00 – 18:30	07:00 – 19:00
31. des. – Gamlársdagur	Lokað	Lokað
01. jan. – Nýársdagur	Lokað	Lokað
02. jan. – Laugardagur	10:00 – 14:00	10:00 – 14:00
03. jan. – Sunnudagur	10:00 – 14:00	10:00 – 14:00
04. jan. – Mánudagur	07:00 – 18:30	07:00 – 19:00
05. jan. – Þriðjudagur	08:00 – 18:30	08:00 – 19:00
06. jan. – Miðvikudagur	07:00 – 08:30 / 15:00-18:30	07:00 – 8:30 / 15:00 – 19:00

KJARVAL

99 kr./stk.



Egils Pilsner 1/2 litr. dóð

1799 kr./pk.



Kjörts konfektistera

699 kr./stk.



Emmess jólaís

2 þvaka



Shopp Ríte eldhúsrullur

598 kr./pk.



Jólá Brie

598 kr./stk.



Kjörts jólaíars

1698 kr./pk.



Nóa Konfekt 550g

429 kr./stk.



Jólá gýra

598 kr./stk.



Pate frá Belgíu

399 kr./stk.



Meistarar jólabaka

145 kr./stk.



Jólá gúrt

249 kr./stk.



Egils appelsín 2 litr.

499 kr./stk.



DM blandaðir ávextir

129 kr./stk.



FP málskorn

749 kr./pk.



Eldvejar rækja

599 kr./pk.



Bláber

339 kr./pk.



Allra blandaðir rindlar

1898 kr./kg



SS rauvínsgjúf lambalei

449 kr./pk.



Klemmentur í neti, 1 kg

299 kr./stk.



FP rauðkál, 1060 g

20% afsláttur



Sambands hanglaeni og tramp.

Heimabúgð

1329 kr./kg

hamborgarhrýgur

KEA

30% afsláttur



KJARVAL

40% afsláttur

498 kr./kg

Goða grísabógur

